

Tilmæli 33/2018

Fyrri skjalsnúmer	A 1776/holdbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin
Fylgiskjal	A 1776/holdbart: Nefndartillaga um áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika

Þróun fyrirkomulags varðandi áhrif Norðurlanda í viðræðum um alþjóðlegan samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilegan fjölbreytileika
Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 31. október 2018 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærninefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að eiga samstarf við Norðurlandaráð, Norrænu barna- og ungmennanefndina (NORDBUK) og Norðurlandaráð æskunnar um þróun fyrirkomulags og umsjón með sameiginlegum norrænum viðburðum í því skyni að virkja unga fólk í vinnu að alþjóðlegum samningi um líffræðilegan fjölbreytileika og kanna möguleikana á að hasla hugmyndinni völl á alþjóðavettvangi.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2018

Michael Tetzschner

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs